

Stofnanasamningur

Stofnanapáttur kjarasamnings Félags íslenskra náttúrufræðinga og Framkvæmdasýslu ríkisins

Inngangur

Framkvæmdasýsla ríkisins annars vegar og Félag íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) hins vegar gera með sér eftirfarandi samning um forsendur og reglur um röðun starfa hjá stofnuninni:

Samningur þessi er gerður samkvæmt ákvæðum 11. kafla kjarasamnings milli FÍN annars vegar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs hins vegar, og er framlenging á gildandi samningi til 30. apríl 2008. Í framangreindum kjarasamningi kemur fram að stofnanasamningur, sem er hluti kjarasamnings, er sérstakur samningur milli stofnunar og stéttarfélags um aðlögun tiltekinna þátta kjarasamningsins að þörfum stofnunar og starfsmanna með hliðsjón af eðli starfsemi, skipulagi og/eða öðru því sem gefur stofnun sérstöðu.

1. grein Gildissvið

Samningur þessi nær til allra félagsmanna Félags íslenskra náttúrufræðinga sem starfa hjá Framkvæmdasýslu ríkisins.

2. grein Markmið

Markmið stofnanasamninga eru eins og fram kemur í kjarasamningi:

- Að auka gæði þjónustunnar með því að efla samstarf starfsmanna og stjórnenda á vinnustað. Samstarfinu er ætlað að bæta rekstrarskipulag stofnunarinnar, bæta nýtingu rekstrarfjármagns og skapa grundvöll fyrir aukinni hagræðingu og skilvirkara launakerfi og þannig gefa starfsmönnum tækifæri til að þróast og bæta sig í starfi og þar með auka möguleika þeirra á bættum kjörum.
- Að færa ákvörðun um launasetningu starfa nær starfsvettvangi þar sem hægt er að bregðast hraðar við breytingum sem eiga sér stað á störfum og skipulagi stofnunarinnar og stuðla að árangurstengingu launa í samræmi við markmið og stefnu stofnunarinnar.

Nánari skilgreining og útfærsla á þessum markmiðum er eftirfarandi:

- Launakerfið sé gagnsætt, einfalt og sveigjanlegt til þess að bregðast megi við breyttum innri og ytri aðstæðum.
- Ákvarðanir um starfsheiti og launaflokka séu teknar með faglegum og málefnalegum hætti og jafnræðis sé gætt við launaákvæðanir.
- Launakerfið og framkvæmd þess stuðli að jöfnun kjara karla og kvenna.
- Launakerfið nýtist sem stjórnæki til að ná fram markmiðum stofnunarinnar er varða hæfni, þjónustustig og hagræðingu.
- Launakerfið stuðli að því að stofnunin geti haft á að skipa hæfu og góðu starfsfólki í framsæknu starfsumhverfi.
- Launakerfið sé grunnlaunakerfi þar sem, til viðbótar við grunnlaun, er greitt sérstaklega fyrir hvern unninn yfirvinnutíma samkvæmt tímaskráningu.
- Starfskjör grundvallist á sveigjanlegum vinnutíma starfsmanna þar sem því verður við komið.

3. grein

Skilgreining hugtaka

Í samningi þessum ber að túlka hugtök með eftirfarandi hætti:

- **Kjarasamningur:** Samningur milli Félags íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) annars vegar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs hins vegar, framlengdur til 30. apríl 2008.
- **Stofnanasamningur:** Þessi samningur, sem er hluti kjarasamnings.
- **Stofnun:** Framkvæmdasýsla ríkisins.
- **Launaflokkur:** Með "launaflokki" er átt við lóðréttu línu í launatöflu viðkomandi samnings.
- **Launakerfi:** Þeir hlutar kjarasamnings og stofnanasamnings sem kveða á um starfsheiti, launaflokka, starfstengda þætti, persónubundna þætti og tímabundna þætti.
- **Samstarfsnefnd:** Í samstarfsnefnd eiga sæti fyrir hönd Framkvæmdasýslunnar forstjóri og skrifstofustjóri, og fyrir hönd FÍN eiga sæti einn starfsmaður FÍN og fulltrúar launþega Framkvæmdasýslunnar.

4. grein

Grunnröðun starfsheita

Launakerfi Framkvæmdasýslu ríkisins byggir á skipuriti stofnunarinnar og eftirfarandi starfsheitum fyrir þá starfsmenn sem eru félagar í Félagi íslenskra náttúrufræðinga. Hverju starfsheiti 4.1-4.5 fylgir skilgreining á starfi og er hún hluti ráðningarsamnings, en samsvarandi starfslýsingu er að finna í Rekstrarhandbók FSR. Miðað er við að starfsmenn búi yfir almennri hæfni til að takast á við störf í viðkomandi flokkum.

4.1 Sérfræðingur / A1 – 2141 (ÍSTARF95)

Sérfræðingur A1 vinnur mest undir handleiðslu annarra. Lágmarksmenntun er 90 einingar.
Grunnröðun er launaflokkur: 9

4.2 Sérfræðingur / A2 – 2141 (ÍSTARF95)

Sérfræðingur A2 er verkefnisstjóri í eigin verkefnum og vinnur sjálfstætt að verkefnum sínum. Lágmarksmenntun er að jafnaði 120 einingar.
Grunnröðun er launaflokkur: 11

4.3 Sérfræðingur / A3 – 2141 (ÍSTARF95)

Starf sérfræðings A3 felur í sér stjórnun einstakra verkefna sem fleiri vinna að. Lágmarksmenntun er að jafnaði 150 einingar.
Grunnröðun er launaflokkur: 12

4.4 Sérfræðingur / A4 – 2141 (ÍSTARF95)

Starf sérfræðings A4 byggir fyrst og fremst á stjórnun verkefna sem fleiri vinna að. Að jafnaði er krafist alþjóðlegrar vottunar í verkefnisstjórnun (svo sem IPMA; International Project Management Association eða sambærilegrar). Lágmarksmenntun er að jafnaði 150 einingar.
Grunnröðun er launaflokkur: 14

4.5 Aðstoðarforstjóri – 1212 (ÍSTARF95)

Aðstoðarforstjóri er forstjóra til aðstoðar við daglegan rekstur þeirra verkefna sem stofnunin vinnur að á hverjum tíma. Hann vinnur einnig sjálfstætt að tilteknum verkefnum eða málaflokkum. Lágmarksmenntun er að jafnaði 150 einingar.
Grunnröðun er launaflokkur: 17

Hjá Framkvæmdasýslunni er lögð áhersla á að sérfræðingar sem vinna sambærileg störf innan stofnunarinnar og hafa svipaða menntun, séu á sambærilegum launum, óháð því hvers konar háskólamenntun er um að ræða. Til að þessu samræmi verði náð milli tæknimanna og arkitekta hjá FSR, varðandi grunnröðun starfsheita, verður við þá röðun miðað við upphæðir í hæsta aldurprepi hjá arkitektum. Þegar yngri arkitektar ráðast til starfa hjá stofnuninni mun forstjóri nota tímabundna þætti til hækkunar á launataxta þeirra, til jafns við tæknimenn, en fella þá síðan út á mótí lífaldurshækkunum eftir því sem þær koma inn.

5. grein

Mat á persónu- og tímabundnum þáttum

5.1 Persónubundnir þættir

Við röðun einstakra starfsmanna í launaflokka skal taka tillit til eftirtalinnna atriða:

5.1.1 Starfsaldur hjá Framkvæmdasýslunni

Starfsaldur starfsmanns hjá Framkvæmdasýslu ríkisins skal metinn sem hér segir og koma til viðbótar við grunnröðun:

Eftir eins árs starf hjá stofnuninni skal starfsmaður hækka um 1 launaflokk.

Eftir þriggja ára starf hjá stofnuninni skal starfsmaður hækka um 1 launaflokk.

Eftir fimm ára starf hjá stofnuninni skal starfsmaður hækka um 1 launaflokk.

5.1.2 Menntun umfram lágmarksmenntun

Sé menntun starfsmanns umfram lágmarksmenntun í grunnröðun og nýtist honum í starfi að mati forstjóra skal bæta við launaflokkum sem hér segir:

Sérfræðingur 1 er með 120 eininga nám (í stað 90) fær 1 launaflokk.

Sérfræðingur 2 er með 150 eininga nám (í stað 120) fær 1 launaflokk.

5.1.3 Endurmenntun

Framkvæmdasýslan leggur áherslu á að starfsmenn viðhaldi menntun sinni og færni með þátttöku í ráðstefnum, endurmenntunarnámskeiðum og annars konar námi sem tengist vinnu þeirra hjá stofnuninni. Í upphafi hvers árs er ákveðin upphæð sett í endurmenntunarsjóð hvers starfsmanns.

Símenntun gefur ekki sjálfkrafa hækkun á launaflokkum, en hún kemur til umfjöllunar við mat á einstökum þáttum í kaflanum "Sérstök færni".

5.1.4 Sérstök færni

Við ákvörðun persónubundinna og tímabundinna þátta skal hafa eftirfarandi til viðmiðunar:

Starfsmaður

- sýnir áhuga, sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- sýnir góðan viðvarandi árangur í starfi
- sýnir aðlögunarhæfni og lipurð í samskiptum
- sýnir faglega færni og verklagni í starfi
- eykur þekkingu sína og færni með símenntun
- býr yfir sérstaklega dýrmætri starfsreynslu
- tekur virkan þátt í fagfélögum, nefndum og ráðum sem tengjast FSR
- sýnir áhuga og frumkvæði á kynningar- og markaðsmálum FSR
- sýnir frumkvæði í mótun innra starfs FSR
- hefur fengið alþjóðlega vottun sem verkefnisstjóri (svo sem hjá IPMA)

5.2 Tímabundnir þættir

Vegna tímabundins viðbótarálags í verkefnum eða tímabundinnar aukinnar ábyrgðar í starfi getur forstjóri veitt tímabundna hækkun launa.

6. grein
Endurskoðun starfskjara

Hvor sem er, starfsmaður eða forstjóri, geta óskað eftir endurskoðun á starfskjörum starfsmanns, eða einstökum matsatriðum, hvenær sem er á samningstímanum og ber hinum aðilanum að verða við þeirri ósk innan eins mánaðar.

7. grein
Endurskoðun samnings

Hvor samningsaðili getur óskað endurskoðunar á samningi þessum, eða einstökum liðum hans, hvenær sem er á samningstímanum og ber hinum aðilanum að verða við þeirri ósk innan þriggja mánaða.

8. grein
Gildistími

Samningur þessi gildir frá 1. maí 2006.


Reykjavík 12. maí 2006

F.h. Framkvæmdasýslu ríkisins




Óskar Valdimarsson, forstjóri

F.h. Félags íslenskra náttúrufræðinga



Sæunn Marinósdóttir, skrifstofustjóri



Helga Lív Óttarsdóttir, skrifstofustjóri

Ásdís Ingbórsdóttir, arkitekt